



14. Gunnarsholt á Rangárvöllum

Heimild um fyrstu byggð í Gunnarsholti er að finna í Landnámabók, en þar segir frá Gunnari Baugssyni er fyrstur reisti þar bú. Elsta samtímaheimild sem getur bæjarins er kirknaskrá Páls biskups Jónssonar frá því um 1200 og litlu yngri eru Oddaverjabáttur og Guðmundar saga dýra. Oddaverjar munu hafa átt jörðina á 12. og 13. öld.

Fyrrum stórbýli


Bærinn stóð upphaflega sunnan í holti um 300—400 metrum norðan við núverandi bæjarstæði. Gunnarsholt lagðist í eyði 1836 en byggðist aftur 1839 og var bærinn þá reistur austan við lækinn, sem rennur neðan elsta bæjarstæðisins. Þar stóð hann til ársins 1854 en þá var bærinn aftur fluttur vegna sandfoks og byggður uppi á háum hól, er nefnist Akrahlið, austur við landamerki Brekkna. Sá bær lagðist í eyði 1923. Reynt var að hefja búskap að nýju ári síðar, en jörðin fór að fullu í eyði vegna upplásturs 1925. Árið 1928 byggði Sandgræðsla Íslands jörðina upp aftur og gerði Gunnarsholt að miðstöð starfsemi sinnar.

Af þeim ítökum sem Gunnarsholt átti fyrr á öldum má ráða að þar hafi verið stórbýli. Kirkja var byggð í Gunnarsholti fyrir 1200 og var hún í kaþólskri tíð helguð Péttri postula og skyldi þar vera prestur og djákn. Kirkjan hafði eignast fjórðung í heimalandi jarðarinnar og Kornbrekkum fyrir 1332 og 1475 var hún talin eigandi allra Kornbrekkna. Eftir siðaskiptin varð kirkjan í Gunnarsholti útkirkja frá Keldum. Sóknin var lögð niður með konungsbréfi dagsettu

7. júní 1837 og ári síðar var kirkjan rifin. Síðar á öldinni blés kirkjugarðurinn upp og voru legsteinarnir fluttir á Þjóðminjasafnið skömmu eftir aldamót.

Eftirtektarvert er að í sölubréfi frá árinu 1398 er getið um að Gunnarsholt hafi átt skógarítök í Næfurholti. Bendir það til þess að skógur í Gunnarsholti (holt = skógi vaxin hæð) hafi þá verið þrotinn. Jarðabókin 1711 segir svo um ítök Gunnarsholts: „Skógarítök tvö í Næfurholtslandi, sá eini kallaður Gunnarsholtstorfa, annað vita menn ekki að greina. Skógurinn sá vissi er brúkandi til eldingar, ekki kolagjörðar, hefur fyrrum nokkuð betri verið, en eyðst bæði af yrking manna og vikri úr Heklu. Sex hrossa beit um sumar og vetur á Kirkjubæjarmýri, þykjast menn heyrt hafa þar fyrir skyldi koma viðartekja í Hrísteig (Gunnarsholtsveitu), hvar nú er enginn viður.“ Landkostum Gunnarsholts er þannig lýst í jarðabókinni 1711: „Slægjuland utantúns er ekkert. Högum grandar blásturssandur. Hætt er fénaði fyrir læk nokkrum (sem brúkast til vatnsbóls) og ferst þar tíðum fé í.“

Í sóknarlýsingu Keldnasóknar 1840 segir séra Jóhann Björnsson um Gunn-



Gunnarsholt á Rangárvöllum.

arsholt: „Sandur gengur þar mikið á og enginn veit nær það fer af með öllu. Landkostir eru þar einir þeir bestu meðan nokkur skiki er eftir.“

Við endurmat Gunnarsholts 1884 er jörðinni lýst á þessa leið: „Allir hagar jarðarinnar fyrir norðan túnið gjör-eyddir. Túnin sjálf liggja í krika undir hárrí sandbrún sem er rétt í fokveðursstöðunni og er öll grasrót á þeim sandétin. Fyrir sunnan og vestan bæinn er sem stendur nokkuð stórt graslendi sem í fyrra og í ár hefur tekið sig talsvert aftur, en er þó rótlaust og sundur étíð og í bráðum voða af sandfoki. Á túnunum er eins og nú er nokkur reytings heyskapur, en að öllum líkindum enginn til frambúðar.“

Til er nokkuð samfelld skrá ábúenda í Gunnarsholti frá 1186, en hér skulu aðeins fáir nefndir. Gunnar Baugsson nam fyrstur jörðina á 10. öld. Faðir hans var Baugur landnámsmaður á Hlíðarenda í Fljótshlíð, Rauðsson. Kona Gunnars var Hrafnhildur Stórolfssdóttir bónda á Stórolfshvoli, Ketilssonar hængs landnámsmanns á Hofi. Meðal barna þeirra var Hámundur bóndi á Hlíðarenda, faðir Gunnars.

Í Gunnarsholti hafa setið síðan Sandgræðslan og síðar Landgræðslan eignaðist jörðina:

Gunnlaugur Kristmundsson, 1928—1933 og 1946—1947.

Kristján Karlsson, 1933—1935.

Halldór Arnason, 1935—1936.

Hjálmar Vilhjálmsson sýslumaður, 1936—1937.

Jón Egilsson, 1937—1946.

Runólfur Sveinsson, 1947—1954.

Páll Sveinsson, 1954—1972.

Sveinn Runólfsson, síðan 1972.

Endurreisn

Í ritinu „Sandgræðslan 50 ára“, sem út kom árið 1957, er gerð grein fyrir Gunnarsholti og framkvæmdum þar frá því að staðurinn var endurreistur. Síðan hafa orðið miklar breytingar á staðnum bæði í byggingum og umhverfi. Árin 1938 og 1944 fékk Gunnlaugur birkifræ úr Bæjarstaðaskógi er Ragnar Stefáns-son hafði safnað þar fyrir hann. Var því sáð undir hraunbrún norðan við Gunnarsholtið, þ.e. í Vestur-Húsadal, þar sem íbúðarhúsin stóðu fyrr á öldum. Óx þar upp vöxtulegt birkikjarr sem síðan hefur sáð sér út og nefnist nú Gunnlaugsskógur. Árið 1959 var byrjað að planta skjólbeltum norðaustan við bæjarhúsin. Fram til ársins 1964 var samtals plantað í 4 km af tveggja til fimm raða beltum. Á síðustu 5 árum hefur svo verið plantað í 3 km til viðbótar. Einnig hefur trjágarðurinn í Gunnarsholti, sem hafist var handa um að planta í árið 1950, verið stækkaður mikið. Þá hafa byggingar í Gunnarsholti tekið miklum stakkaskiptum á síðustu tuttugu árum, og verður sú saga að bíða síðari tíma.

Umsvif búrekstrar jukust jafnt og þétt upp úr 1960 og Gunnarsholt, sem áður var í eyði komið vegna uppblást-



Gunnarsholt á Rangárvöllum hefur verið miðstöð landgræðslustarfsins frá 1930. Búrfell til vinstri, Hekla til hægri. Ljós. Jón Karl Snorrason.

urs, varð um tíma mesta stórbýli landsins. Haustið 1964 varð sauðfé flest á fódurum, eða 1578 ær. Fljótlega eftir það var farið að draga búið saman, og árið 1970 voru aðeins nokkrir tugir áa á staðnum. Þegar gaus í Heimaey í Vestmannaeyjum 1973 var sauðfé þaðan flutt í Gunnarsholt og ílentist hluti þess á staðnum um sinn en haustið 1986 var síðustu kindum búsins fargað.

Runólfur heitinn Sveinsson sandgræðslustjóri hóf fljótlega eftir að hann fluttist að Gunnarsholti 1947 að safna saman holdanautgripum víðs vegar að af landinu, m.a. frá Hvanneyri, og framrækta þau og kynbæta. Holdanautunum fjölgaði síðan frekar hægt því að um mikla skyldleikaræktun var að ræða. Flest urðu þau 1978—1979, þegar vetrarfóðraðir voru 355 gripir. Þar af voru kýrnar 205 talsins. Þeim hefur síðan verið fækkað verulega og nú eru 130 kýr á vetrarfóðrum. Árið 1976 var byggð flatgryfja og gripahús fyrir kýrn-

ar. Umfangsmiklar tilraunir hafa verið gerðar með fódur ungnauta frá 1977. Að þeim hafa staðið, auk Gunnarsholtsbúsins, Fóður- og fræframleiðslan, Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.

Árið 1981 var Stóðhestastöð ríkisins, sem rekin hefur verið af Búnaðarfélagi Íslands, flutt frá Litla-Hrauni að Gunnarsholti. Á stöðinni eru um fimmtíu stóðhestar og eru þeir notaðir til kynbóta víða um land. Þessi starfsemi er þýðingarmikill liður í hrossaræktinni hér á landi. Núverandi stjórn stóðhestastöðvarinnar er þannig skipuð: Sveinn Runólfsson formaður, Þorkell Bjarnason ráðunautur, Steinþór Gestsson, Hæli, Þórir Ísólffson, Lækjamóti, og Einar E. Gíslason, Syðra-Skörðugili. Fjármál og annar rekstur stöðvarinnar er í umsjón Búnaðarfélags Íslands.

Fóður- og fræframleiðslan í Gunnarsholti er sjálfstætt ríkisfyrirtæki er starfar samkvæmt reglugerð sem Landbún-



Verksmiðja Fóður- og fræframleiðslunnar í Gunnarsholti.

aðarráðuneytið gaf út í mars 1963 og hefur þriggja manna stjórn. Í reglugerðinni segir svo: „Í Gunnarsholti í Rangárvallasýslu skal reist fóður- og fræframleiðslustöð með fullkomnum vélbúnaði til þurrkunar á grasi, fódurjurtum, svo og framleiðslu alhliða fóðurs í formi heyköggla, heymjöls, korns og grasfræs.“ Byrjað var á kornrækt í stórum stíl á íslenskan mælikvarða vorið 1961. Þegar ræktunin náði hámarki var korn í 200 hekturum, en auk þess voru gerðar ýmsar tilraunir með ræktun korns. Kornræktin reyndist ekki arðbær þegar á reyndi og var því hætt eftir 10 ára tilrauna- og reynslutímabil. Árið 1964 var farið að framleiða grasmjöl og grasköggla í Gunnarsholti. Helstu hvata- og forvígismenn grasköggla-verksmiðjunnar voru þeir Pálmi Einarsson þáverandi landnámsstjóri, Pétur Gunnarsson þáverandi forstjóri Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og Páll Sveinsson þáverandi land-

græðslustjóri. Vélasmstöðan var stækkuð árið 1978 og var þá framleiðslugetan orðin liðlega 3000 tonn af graskögglum á ári. Við verksmiðjuna hafa starfað um 15 manns yfir háannatímann. Einar Karlsson hefur lengst af verið verksmiðjustjóri, eða frá 1969. Stefán H. Sigfússon hefur verið framkvæmdastjóri Fóður- og fræframleiðslunnar frá 1969. Núverandi stjórn skipa þeir Hreinn Pálmason formaður, Árni Arason, Helluvaði, og Kristinn Jónsson, Sámsstöðum. Til hráefnisöflunar hafa verið ræktaðir upp yfir 600 hektarar af eyðisöndum og á síðustu árum hafa tún og akrar verksmiðjunnar verið um 800—900 ha. Fóður- og fræframleiðslan á því stóran þátt í ytri umgjörð Gunnarsholts. Sá myndarskapur sem þar hefur verið á ræktun og byggingum ásamt öðrum umsvifum á staðnum hefur vakið mikla eftirtekt fjölda ferðamanna, innlendra og erlendra, sem heimsótt hafa staðinn.

Miðstöð landgræðslustarfsins

Runólfur Sveinsson hóf fljótlega eftir að hann tók við sandgræðslustjórastarfinu að flytja inn ýmsar grastegundir til prófunar í uppgræðsluskyni. Dr. Björn Sigurbjörnsson hélt síðar því rannsóknastarfi áfram í Gunnarsholti, m.a. með umfangsmiklum rannsóknum á íslenska melgresinu. Rannsóknastofnun landbúnaðarins hefur æ síðan haft með höndum rannsóknir og samanburðartilraunir á ýmsum grastegundum og afbrigðum bæði af innlendum og erlendum uppruna. Árið 1975 var farið af stað með fræræktun í stórum stíl af innlendum grastegundum og síðar af beringspunti sem reynst hefur mjög harðger uppgræðslu- og túnjurt við íslenskar aðstæður. Fræræktun af alaskalúpínu hófst í verulegum mæli í Gunnarsholti árið 1985. Alls er búið að sá lúpínu í 30 hektara og verða fyrstu akrarnir uppskornir árið 1988. Tilraunirnar og fræræktunin fóru að mestu fram á Geitasandi, en nú á síðustu árum hafa eldri tún rétt við bæjarhúsin í Gunnarsholti verið notuð til framleiðslu

á beringspunti. Á þeim tünum er nú einnig unnið ötullega að plöntun skjólbelta.

Gunnarsholt hefur verið miðstöð landgræðslustarfsins síðan 1930. Frá höfuðstöðvunum er landgræðslustarfinu stjórnað, girðingarefni deilt út til landgræðsluvarðanna. Allt melfræ, sem safnað er á hinum ýmsu landgræðslusvæðum, er flutt til Gunnarsholts og þurrkað þar og þreskt. Vonandi heldur uppbygging starfseminnar í Gunnarsholti áfram á næstu árum. Brýnt er að efla þá fræverkunaraðstöðu sem fyrir er, bæði fyrir grasfræ og lúpínu. Ennfremur er gert ráð fyrir mikilli aukningu á alhliða landgræðslu- og landnýtingarrannsóknum í Gunnarsholti á næstu árum.

Allt fram undir 1950 var það algengt, einkum á vorin, að sandrok og moldrok byrgði alla útsýn í Gunnarsholti. Nú þekkist slíkt moldrok ekki lengur og er það e. t. v. gleggsta dæmið um þann árangur sem náðst hefur í sandgræðslustarfinu í Rangárvallasýslu.

